

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð nr. 896/2012 um hvaða flugrekendur heyra undir umsjón Íslands í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist einn nýr stafliður, g-liður, sem orðast svo:

- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/282 frá 26. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem getið er í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, sem vísað er til í tölulið 21as, III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2016 frá 8. júlí 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 22. september 2016, bls. 252-422.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2016/282 frá 26. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem getið er í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint.

#### 3. gr.

##### *Lagastofð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stofð í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. október 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Helga Jónsdóttir.*